Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu,
101 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 1. apríl 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

1. Inngangur

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu verða til ný heildarlög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar með innleiðingu tveggja reglugerða ESB. Reglugerðirnar eru innleiddar með tilvísunaraðferð og gefst þar af leiðandi ekki mikið svigrúm til aðlögunar að íslenskum rétti.

Við innleiðingu EES gerða er mikilvægt að ekki sé farið umfram lágmarkskröfur gerðanna, gildissvið verði ekki víðtækara en gerðanna, allar ívilnandi undanþágur verði nýttar og allar kröfur sem fyrir eru í lögum eða reglugerðum afnumdar. Þessar grunnreglur ber ávallt að hafa að leiðarljósi.

Í 1. gr. frumvarpsins er gildissviðið afmarkað. Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að reglugerð ESB 2019/2088 gildi einnig um vátryggingamiðlara sem veita ráðgjöf um vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir og verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf og hafa færri en þrjá starfsmenn, sbr. 2. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar. Í 17. gr. reglugerðarinnar er fjallað um undanþágur frá ákvæðum hennar. Þar kemur fram í 1. mgr. að reglugerðin gildi ekki um vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir og verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingarráðgjöf og hafa færri en þrjá starfsmenn. Í 2. mgr. segir hins vegar að aðildarríki hafi val um að láta reglugerðina gilda um þessa aðila. Sú leið er valin í frumvarpinu og er í andstöðu við þær grunnreglur sem minnst er á hér að framan um að leitast skuli við að fara ekki umfram lágmarkskröfur þeirra EES gerða sem verið er að innleiða. Í athugasemdum greinargerðar er þetta ekki rökstutt að neinu marki. Þessi aðferðafræði sem oftar en ekki er verður fyrir valinu við innleiðingu EES gerða er til þess fallin að skerða samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegum samanburði.

Í samræmi við framangreint leggja SA til að 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði felld brott og gildissvið laganna verði þar með ekki víðtækara en þörf er á.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir